


HLUTI GILDANDI DEILISKIPULAGS 1:1000 AUGLÝST Í B-DEILD 12.07.2004




BREYTT DEILISKIPULAG 1:1000




HLUTI GILDANDI AÐALSKIPULAGS 2010-2022

SKÝRINGAR

- SKIPULAGSMÖRK
- Þinglýst lóðarmörk skv lóðarleigusamningi frá 1992
- Ný lóðarmörk
- Núverandi byggingar
- Byggingarreitur
- Kvöð um lagnaleið skv. þinglýstu lóðarblaði frá 1989. Fylgiskjal með lóðarleigusamningi frá 1992
- Brunahani

## Greinargerð

### Skipulagssvæðið

Verið er að gera breytingu á deiliskipulagi Brúartorgs vegna breytingar á lóð Brúartorgs 6. Upphaflegt deiliskipulag var samþykkt 17.01.2000, nokkrar breytingar hafa verið gerðar en síðasta breyting vegna lóðar Brúartorgs 6 öðlaðist gildi 12.07.2004.

### Breytingar

Breytingarnar felast í því að verið er að skilgreina lóð ásamt byggingarreit fyrir spennistöð, Brúartorg 6a, út úr lóð Brúartorgs 6. Einnig er verið að bæta við byggingarreit á lóð Brúartorgs 6 fyrir þvottastöð. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttri nýtingu á lóð nr. 6, þ.e. eldsneytissala og veitingaþjónusta.

### Forsendur

Samkvæmt gildandi lóðarleigusamningi frá 1992 og einnig samkvæmt kortavef Borgarnes er lóðarstærð 4314m2/. Hins vegar er skilgreind stærð hjá HMS 4851m2/, sama stærð og er á afstöðumynd frá 30.08.2011. Byggt hefur verið á lóðinni miðað við lóðarmörk og stærð frá 2011, 4851m2/ og er miðað við þá stærð í þessari deiliskipulagsbreytingu.

### Brúartorg 6 - L135571.

Stærð lóðar fyrir breytingu er 4851m² en verður 4806m² eftir breytingu. Á henni er þegar húsnæði fyrir veitingasölu. Bætt er við 432m² byggingarreit fyrir þvottastöð. Innan byggingarreits fyrir þvottastöð er heimilt að reisa sjálfvirka/vélræna þvottastöð fyrir ökutæki. Hámarksstærð þvottastöðvar er 200m². Hæð byggingar er að hámarki 5,5m frá gólfkóta. Þakform er frjálst.

### Brúartorg 6a.

Ný lóð Veitna fyrir spennistöð er tekin úr núverandi lóð Orkunnar, Brúartorgi 6, og er hún 35m² með 23m² byggingarreit. Byggingin skal vera á einni hæð. Hámarkshæð byggingar er 3,0m frá gólfkóta. Þakform byggingar er frjálst.

### Fráveita

Fráveitulagnir tengjast við fráveitukerfi Veitna. Sett verður sand- og olíuskilja til að meðhöndla olíumengað vatn.

### Sand- og olíuskilja fyrir sjálfvirka þvottastöð

Gert er ráð fyrir olíuskilju og sýnatökubrunni skv. reglugerð 884/2017 og leiðbeiningum UST. Skilja skal útbúin með vöktunarbúnaði samanber ÍST EN 60079-10:2003.
5m3 sandgildra verður á undan olíuskilju og í þvottastöð verður einnig 2-3 m³ sandfang í gólfi.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 21.september til 3.nóvember var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd þann 1.desember 2023

SVEITARSTJÓRINN BORGARBYGGÐ

_______________________________
Sveitarstjóri Borgarbyggðar

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í b-deild stjórnartíðinda þann ___________

15.11.2023. Breytt eftir auglýsingu - fráveita

BRÚARTORG 6 - BORGARNESI
DEILISKIPULAGSBREYTING - TILLAGA
SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A2: | 1:1000 | TEIKN NR: | 101 |
| DAGS: | 16.08.2023 | HANNAÐ: | egt |
| FLOKKUR: | 3609-borg_F | TEIKNAÐ: | egt/er |
| SKRÁ: | 23098-DSK.dwg | VERKNR: | 23098 |

LANDSLAG

X:\0-VERK\3609-BORG\F\23098-ORKAN-FJOLNOTASTOD\TEIKN\DWG\DSK-BREYTING\23098-DSK.DWG